

Ókind af Adam borin

Skrímslafræði heilags Ágústínusar og Ísland

Inngangur

Hic sunt dracones er fræg setning sem lýsa á heimsmynd lítilsigldra og kreddufullra miðaldamanna: við vitum ekki hvað er handan tiltekinna svæða á kortinu, svo þar munu drekarnir vera.¹ Fyrir utan það hve landakort voru fátíð á fyrri öldum og notagildi þeirra einungis táknrænt,² þá er ranghugmyndin um fáfræði miðaldamanna auðvitað engu minni kredda en þær sem þeir sjálfir eru sakaðir um að hafa hangið á líkt og hundur á roði. Engu síður kann titill þessarar greinar að virðast sérkennilega valinn. Hvað hafa skrímsl eiginlega með kristna trú að gera og hvers konar „skrímslafræði“ kynni dýrlingurinn og kirkjufaðirinn Ágústínus frá Hippó, af öllum mönnum, að hafa lagt stund á? Vissulega er frá ýmsu sagt í Biblíunni sem kalla mætti skrímsl í einhverjum skilningi. Glundroðaskepnurnar Behemot og Leviatan sem sagt er frá í Jobsbók (sem nefndar eru í íslenskri þýðingu nykur (flóðhestur í hinna nýrri) og krókódíll) mætti nefna sem dæmi.³ Einnig kynni hugurinn að leita til dýra hafs og jarðar eða dregans úr Opinberun Jóhannesar⁴ en almennt séð eru skrímsl kannski ekkert sem við tengjum sérstaklega við kristna trú eða ritningu. Um langt skeið áttu skrímsl sér þó stað í meginstraumsguðfræði kaþólskrar kirkju og áhrifin má víða sjá í íslenskum miðaldaritum. Það er sú sérstaka saga sem hér verður rakin.

Grein þessi er byggð á fyrirlestri sem ég flutti á fræðafundi Guðbrandsstofnunar, í Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal páskana 2022, og bar heitið „Hvað hafa skrímsl eiginlega með kristna trú að gera?“ Ég ítreka þakkar mínar til þáverandi vígslubiskups á Hólum, séra Solveigar Láru Guðmundsdóttur, og séra Gylfa Jónssonar heitins, fyrir höfðinglegar móttökur og notalega dvöl á hinum forna kirkjustað sem engum er líkur. Einnig vil ég þakka ritrýnum fyrir sitt framlag til að bæta upp vankanta þessarar greinar. Allar rangfærslur sem eftir kunna að vera eru eftir sem áður á ábyrgð höfundar.

¹ Chet Van Duzer, „*Hic sunt dracones*: The Geography and Cartography of Monsters“, *The Ashgate Research Companion to Monsters and the Monstrous*, ritstj. Asa Simon Mittman og Peter J. Dendle, Farnham, Surrey: Ashgate, 2013, bls. 387–435.

² Dale Kedwards, *The Mappae Mundi of Medieval Iceland*, Cambridge: D.S. Brewer, 2020; Naomi Reed Kline, *Maps of Medieval Thought: The Hereford Paradigm*, Woodbridge: The Boydell Press, 2001; Evelyn Edson, „Mapping the Middle Ages: The Imaginary and the Real Universe of the Mappaemundi“, *Monsters, Marvels and Miracles: Imaginary Journeys and Landscapes in the Middle Ages*, ritstj. Leif Söndergaard og Rasmus Thorning Hansen, Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2005, bls. 11–25.

³ Job 40:15, 41:1 (síðarnefnda dæmið er Job 40:25 í nýju þýðingunni). Í *Niðurstigningar sögu* veidir Jesús Leviatan, sem þar er nefndur Miðgarðsormur, sjá: Henrik Janson, „Edda and ‘Oral Christianity’: Apocryphal Leaves of the Early Medieval Storyworld of the North“, *The Performance of Christian and Pagan Storyworlds: Non-Canonical Chapters of the History of Nordic Medieval Literature*, ritstj. Lars Boje Mortensen og Tuomas M.S. Lehtonen, ásamt Alexöndru Bergholm, Turnhout: Brepols, 2013, bls. 171–197. Að öðru leyti um Behemot og Leviatan og hvers laga skepnur um ræðir, sjá: J.V. Kinnier Wilson, „A Return to the Problems of Behemoth and Leviathan“, *Vetus Testamentum* 1975, bls. 1–14. Sbr. öllu bókstaflegri túlkun hjá: Michael V. Fox, „Behemoth and Leviathan“, *Biblica* 2/2012, bls. 261–267, en slíkum sjónarmiðum andmælir Mark Sneed, „Is Biblical Studies Stuck in Antiquarianism? The Case of Behemoth and Leviathan“, *Journal of the Bible and its Reception* 2/2023, bls. 221–244.

⁴ Opb 13:1–18.

Þessari grein er ætlað að sýna fram á að með tilteknum kafla í riti sínu *Guðsríkinu gegn heiðingjunum* (lat. *De civitate Dei contra paganos*), þar sem Ágústínus færir fyrir því veigamikil rök hvernig skrímsl, væru þau til, gætu mögulega verið hluti sköpunarverksins, hafi Ágústínus orðið lykilpersóna í túlkun kristinna manna á skrímslum fram yfir síðmiðaldir, engu síður á Íslandi en annars staðar. Þessi áhrif Ágústínusar hafa lítt verið rannsökuð til þessa og síst af öllu með tilliti til viðtökusögu *Guðsríkisins* á Íslandi. Hér er því að nokkru leyti um frumrannsókn að ræða.

Um hugtakið *skrímsl*

Fyrst af öllu er rétt að skýra hugtakið *skrímsl*, sem er ekki nákvæmlega það sama og *skrímsli* á nútímaíslensku þótt margt eigi þau sameiginlegt. Skrímsl er forn-norrént orð, íslenskun á latneska orðinu *monstrum*. Bæði geta þessi orð í senn merkt uppljóstrun eða það sem er sýnt (lat. *monstrare*, sbr. *demonstrare*), semsagt jartein eða fyrirboða, og svo á hinn bóginn tákna þau goðsagnakennda þjóð-flokka sem taldir voru til andstæðinga hinnar réttu guðstrúar á fyrri öldum og þóttu jafnframt afmyndaðir eða skrímslislegir. Enn í dag hættir mannfólki til að halda það sem er því framandi vera hættulegt, og andúð á útlendingum og öðrum kynþáttum er hreint ekkert ný af nálinni.⁵ Jafnframt getur orðið haft báðar merkingar samtímis, þ.e. merkt skrímslislega mannveru sem jafnframt er táknið eða fyrirboði einhvers.

Orðinu *skrímsl* mætti gróflega skipta í nokkra flokka eftir merkingu, en að því sögðu er merkingin iðulega svo margslungin að fleiri en ein getur gilt samtímis. Fyrst er skrímsl haft sem nafnorð sömu merkingar og latneska nafnorðið *monstrum* sem dregið er af sögninni *monstrare*, og er merkingin í senn ófreskja og einnig það sem leiða skal í ljós: aðvörun (t.d. sjónhverfing), ábending eða jartein. Þannig er orðið nátengt *opinberun* (lat. *revelatio*), sem er afleidd merking gríska orðsins *apokalypsis* (gr. ἀποκάλυψις) sem hefur heimsendi að merkingarauka um þessi tengsl við Opinberunarbókina.⁶ Skrímsl eru enda órjúfanleg eining í hugmyndum kristinna manna um heimsendi, líkt og nánar verður fjallað um hér á eftir; þau eru hluti opinberunarinnar. Í Ólafs sögu helga í sagnaritinu Heims-kringlu er orðið *skrímsl* haft um skurðgoð:

En er hann kom á þing, þá váru sumir böendr komnir. Þá sá þeir mikinn fjölda búanda fara til þings ok báru í milli sín mannlíkan mikit, glæst allt með gulli ok silfri. En er þat sá böendr, þeir er á þinginu váru, þá hljópu þeir allir upp ok lutu því skrímsli.⁷

Þess er krafist af viðstöddum að þau dýrki þessa líkneskju í stað hins kristna guðs, en konungsmaðurinn Kolbeinn sterki lýstur líkneskjuna svo að hún „brast

⁵ Geraldine Heng, *The Invention of Race in the European Middle Ages*, Cambridge: Cambridge University Press, 2018; Cord J. Whitaker, *Black Metaphors: How Modern Racism Emerged from Medieval Race-Thinking*, Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2019; Ron Mallon, „Constructing and Constraining Representations: Was Race Thinking Invented in the Modern West?“ *The Construction of Human Kinds*, Oxford: Oxford University Press, 2016, bls. 15–47; Arngrímur Vídalín, „The Man Who Seemed Like a Troll: Racism in Old Norse Literature“, *Margins, Monsters, Deviants: Alterities in Old Norse Literature and Culture*, ritstj. Rebecca Merkelbach og Gwendolyne Knight, Turnhout: Brepols, 2020, bls. 215–238.

⁶ Upphafleg merking er „að svipta hulu“, þ.e. taka af klæði sem hylur eitthvað (helst notað um slæðu/blæju á höfði).

⁷ Ólafs saga helga, *Heimskringla* 2, útg. Bjarni Aðalbjarnarson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1945, bls. 188–189.

allt í sundr, ok hljópu þar út mýss, svá stórar sem kettir væri, ok eðlur ok ormar“⁸. Ljóst er að þetta heiðna skurðgoð eða *skerímsl* er af hinu illa. Fleiri dæmi eru um að *skerímsl* eða *skerípi* vísi beinlínis til líkneskju, svo sem í Péturs sögu postula I,⁹ og í Fyrri Samúelsbók Stjórnar er skýrt dæmi um notkun orðsins *skerípi* í merkingunni *jartein*.⁹ Orðið getur á móti vísað til djöfullegrar sjónhverfingar sem sjá má í ólíkum útgáfum Péturs sögu postula þegar Kristur gengur á Genesaretvatni, svo „slo sva mikilli hræzlu æ þa, at þeir kaulluðuz æ fyrir otta sakir.“ Kristur mælir þá til þeirra að þeir skuli ekki óttast sig: „ek em Cristr yðvarr meistari, þat sem þer siait, en eigi sionhverfing“, samkvæmt Péturs sögu I.¹⁰ En í Péturs sögu II segir: „En er þeir sa hann ganga a sionum, hrædduz þeir ok ætluðu at skrimsl væri.“¹¹ *Skrimsl* virðist oftast hafa þessa merkingu.¹²

Skrimsl getur einnig staðið fyrir afmyndað fólk í annarri merkingu orðsins, á líkan hátt og orðið *monstrum* er einnig oft notað í latneskum heimildum. Áhrifaríkasta dæmið er líklega að finna í Alexanders sögu, þar sem sá einn getur verið skrimsl sem ekki er hluti af liði Alexanders mikla, enda tilheyrir skrimslíð alltaf mengi hins óþekkta:¹³

Ok þa er hann atte scamt til borgarennar. var þat lið sent ímot honom sva buet, at sumir höfðu latet hond eða fot. af sumum voro scoren eyron, eða varírnar. augo voro stungin vt asumum. sumir voro markaðer ienne sem þiovar áymsa leið. Aller íþesso liðe voro meiddir at noccoro, og þannog at hverr matte liva lenge við sina scom. þa er þetta lið com mot konungenom, etlaðiz hann ífyrsto sia scrimsl helldr en menn. Oc er konungrenn [Alexander] varð var at þesse enn vesle lyðr var af hans liðe, fellde hann sialfr tár, oc allr herenn með honom.¹⁴

Raunveruleg skrimsl í ætt við þau sem Alexander sýndist lið sitt vera er að finna í Kirjalax sögu, þar sem „blamenn ok skripiligar skepnur snerpazt ok grenia leidinliga“, en þessar fígúrir eru sagðar „hræðiligar“ og „illþyði, er líkara var fiandum en nòckrum monnum.“ Ennfremur reynast þar vera menn sem sumir

⁸ „Péturs saga postula 1“, *Postola sögur: Legendariske fortællinger om apostlernes liv, deres kamp for kristendommens udbredelse samt deres martyrdød efter gamle haandskrifter*, útg. C.R. Unger, Christiania (Ósló): B.M. Bentzen, 1874, bls. 1–126, bls. 117; „Hugsit ok, Romveriar, hvaðan sundrþykkit rann upp, ok með hverri skynsemi þat vóx, ok hversu víða ok lengi þat öflgaðiz, ok fyrir hvi upp sprungu sva margföld eigi kyn guðdomanna, helldr vesallig skripi aatrunda-anna.“

⁹ *Stjörn: Gammelnorsk bibelhistorie fra verdens skabelse til det babyloniske fangenskab*, útg. C.R. Unger, Christiania (Ósló): Feilberg og Landmarks forlag, 1862, bls. 436: „þeir þöldv oc sva sialfir borgarmenn i Azoto mikla skavmm oc scripi til davða. því að gvð drottinn slo þa með þeirri pino sem Grickir kalla sinkopan. þat var með þeim hætti at þeir höfðu sva mikla vtsott oc iðra verk. at þaðan svlló innan leyniligir vegar vallgangsins með sva liotri oc læiðiligi pino. oc gvmprinn fvnaði neðan. dó mikill fiöldi manna i Azoto.“

¹⁰ „Péturs saga postula 1“, bls. 4.

¹¹ „Péturs saga postula 2“, *Postola sögur: Legendariske fortællinger om apostlernes liv, deres kamp for kristendommens udbredelse samt deres martyrdød efter gamle haandskrifter*, útg. C.R. Unger, Christiania (Ósló): B.M. Bentzen, 1874, bls. 159–216, hér 160. Sömu frásögn er enn að finna í „Tveggja postula sögu Péturs og Páls“: „Enn þa kom Jesus gangandi a sænum at þeim. En er lærisveinar sa hann ganga a sæ, þa hrædduz þeir oc ætluðu, at skrimsl væri.“ Sama rit, bls. 284.

¹² „Rómverja sögur“, *Fire og fyrretve for en stor Deel forhen utrykte Prover af oldnordisk Sprog og Litteratur*, útg. Konráð Gíslason, Kaupmannahöfn: Gyldendalske boghandling, 1860, bls. 108–252, hér 225; *Mariu saga: Legender om Jomfru Maria og hendes Jertegn*, útg. C.R. Unger, Christiania (Ósló): Brøgger & Christie, 1871, bls. 109. Orðið skrimsl kemur einnig fyrir í Mariu sögu í þessari merkingu á bls. 5 og 118; *Grettis saga Ásmundarsonar*, útg. Guðni Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1936, bls. 123. Sbr.: Ármann Jakobsson, „Hvað er tröll? Galdrar, tröll og samfélagsóvinir“, *Galdramenn: Galdur og samfélag á miðöldum*, ritstj. Torfi H. Tulinius, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 95–119.

¹³ Sjá: Jeffrey J. Cohen, „Monster Culture (Seven Theses)“, *Monster Theory: Reading Culture*, ritstj. Jeffrey J. Cohen, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1996, bls. 3–25; Ármann Jakobsson, „Identifying the Ogre: The Legendary Saga Giants“, *Fornaldarsagaerne: Myter og virkelighed*, ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, Kaupmannahöfn: Museum Tusculanum Forlag, 2009, bls. 181–200.

¹⁴ *Alexanders saga: Islandske oversættelse ved Brandt Jónsson*, útg. Finnur Jónsson, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1925, bls. 91.

eru „haufut-lauser ok hafa mun ok naser á herdar blaudum, sumir hafa eyru svo micil, at þeir mega hylia sig i, sumir hafa hundz hòfut ok geyia sem hundar“.¹⁵ Hér eru skrímsl fengin að láni úr hugmyndaheimi Heródótosar og Plíníusar eldri um hinar furðulegu þjóðir sem taldar voru búa í löndum fjarlægum hinni geðþekku Evrópu.¹⁶ Einnig eru dýrblendingar nefndir *skrímsl*, svo sem maður nokkur undarlega vaxinn í Páls sögu eremíta, sem sagður er „hestr ath sumum luta: þess hattar skrímsl kollodu skalldin centaurum, þat kalla sumir menn elgfroda.“¹⁷ Í Þiðreks sögu af Bern er talað um *sækonu*, „en þat a æðli i sæ sem skrímsl en syniz alandi sem kona.“¹⁸ Svo mætti lengi áfram telja.

Skrímsl getur einnig merkt ógnarlegar ómannlegar skepnur og er það þriðji stærsti merkingarflokkurinn.¹⁹ Orðin *skrímsl*, *skrípi* og *ófreskja* hafa því töluvert margháttaða merkingu, í reynd keimlíka þeirri sem latneska orðið *monstrum* hafði, en á heildina litið er merking norræna orðsins víðari. Því er rétt að árétta að skilningur nútímafólks á hugmyndinni um skrímsl kann að villa okkur sjónir þegar við lesum texta frá fyrri öldum.²⁰

Af uppruna hinna skrímslislegu þjóða

Rót þess sem hér er til umræðu verður rakin allt aftur til Grikkjans Heródótosar og rits hans sem nefnist *Historíai* (*Ἱστορίαι*) á grísku en hefur verið þýtt sem *Rannsóknir* á íslensku, sem hann ritaði á fimmtu öld fyrir Krist. Heródótos hefur stundum verið nefndur faðir sagnfræðinnar, heiður sem kristnir menn á miðöldum vildu nú heldur eigna Móse, en þess ber þó að gæta að *Rannsóknir* hans eru ekki beint sagnfræðilega áreiðanlegar. Heródótos er þó varfærinn þegar hann getur ekki sjálfur staðfest það sem hann hefur heyrt. Það er í þessu verki hans sem fyrst koma fyrir hinar skrímslislegu þjóðir sem síðar voru kenndar við Plíníus eldri, sakir þess að frá honum breiddist hugmyndin fyrst út fyrir alvöru. Hér um ræðir til að mynda höfuðlaust fólk með andlit í bringunni (gr. ἀκέφαλοι, eða *akephaloi*; þekktari undir lat. *blemmies*), hellisbúa (gr. Τρωγλοδύται, eða troglodytai), hundshöfða (gr. κυνοκέφαλοι, eða *kynokephaloi*), menn með svo stór eyru að þeir gátu skýlt sér með þeim fyrir sólinni (gr. Ἀριμασποί, eða *arimaspoi*), og hvaðeina fleira stórfurðulegt. Þessu segir Heródótos frá og segist sjálfur eiginlega ekki trúa þessu, en þetta hafi margir fyrir satt og hafi sagt sér fregnir af þessum þjóðum, sem sömuleiðis búi hver við skrímslislegra mataræði en sú á

¹⁵ *Kirjalax saga*, útg. Kristian Kålund, Kaupmannahöfn: STUAGNL, 1917, bls. 28–36.

¹⁶ Sjá: John Block Friedman, *The Monstrous Races in Medieval Art and Thought*, Syracuse: Syracuse University Press: 2000, bls. 5–58, 87–107; Naomi Reed Kline, *Maps of Medieval Thought*, bls. 141–164.

¹⁷ „Páls saga eremíta“, *Heilagra Manna Sögur: Fortællinger og Legender om bellige Mænd og Kvinder* 2, útg. C.R. Unger, Christiania (Ósló): B.M. Bentzen, 1877, bls. 183–192, hér 186.

¹⁸ *Þiðreks saga af Bern* 2, útg. H. Bertelsen, Kaupmannahöfn: S.L. Møllers bogtrykkeri, 1905–1911, bls. 64.

¹⁹ Sjá: *Konungs skuggsjá*, útg. Ludvig Holm-Olsen, Ósló: Kjedeskriptfondet, 1983, bls. 27 o.áfr.; *Orvar-Odds saga*, útg. R.C. Boer, Halle: Max Niemeyer Verlag, 1888, bls. 132; *Kirjalax saga*, bls. 70–72; *Jómsvíkinga saga — The Saga of the Jomsvíkings*, útg. N.F. Blake, Lundúnum: Thomas Nelson & Sons Ltd.: 1962, bls. 37; sbr.: *Biskupa sögur* 2, útg. Guðbrandur Vigfússon, Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1878, bls. 129.

²⁰ Um skrímsl má nánar fræðast í: Arngrímur Vídalín, *Skuggsjá sjálfsins: Skrímsl, jöðrun og afmennskun í lærdómshefð íslenskra sagnaritara 1100–1550*, ópr. doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2017, bls. 17–64; Jeffrey Jerome Cohen, „Monster Culture (Seven Theses)“, bls. 3–25; David Williams, *Deformed Discourse: The Function of the Monster in Mediaeval Thought and Literature*, Montréal: McGill-Queen's University Press, 1996.

undan. Verstar, vitaskuld, eru mannæturnar, en grænmetisætur fá þó einnig sinn skerf af fyrirlitningu.²¹

Plíníus eldri var aftur á móti sá sem gerði þessar skrímslislegu þjóðir frægar. Rit hans, *Naturalis historia* eða *Náttúrufræði*, varð svo að segja metsölubók og það þó að honum hafi ekki enst ævin til að ljúka verkinu. Hann lést, sem frægt er orðið, við rannsóknir á Vesúvíusi í miðju eldgosi árið 79 eftir Krist. Þetta er rit sem innihalda átti alla bestu fáanlega þekkingu í heiminum, og þar með verk sem í raun og veru væri aldrei hægt að klára. Þar má finna allt milli himins og jarðar, þar með talið, innan um steinafræði, landafræði, dýrafræði, búfræði, mannfræði, lyfjafræði og sitthvað fleira, skrímsl.

Plíníus gengur jafnframt mun lengra en Heródótos. Hann beinlínis lýsir hinum skrímslislegu þjóðum líkt og þær séu raunverulegar og bætir töluvert mörgum við það sett sem forveri hans hafði fjallað um, hvort sem hann diktaði þær upp sjálfur eða hafði fyrir þeim sjálfstæðar heimildir. Allar þessar þjóðir eru vitanlega staðsettar eins fjarri Róm og miðju Evrópu og hugsast gæti miðað við landafræðiþekkingu tímans: í Afríku, í Austur-Indíalöndum, í Síberíu og nyrstu óbyggðum Norðurlanda, og svo mætti áfram telja.²² Þegar ritöld hefst á Íslandi eru þetta löngu orðnar viðteknar hugmyndir meðal evrópskra lærdómsmanna.²³

Rökfærsla Ágústínusar

Svo virðist sem vitneskja um þessar hryllilegu þjóðir hafi breiðst út nokkuð örugglega á næstu öldum. Það mætti segja að tilvist þeirra hafi verið orðin almannarómur. Í öllu falli, af hvaða völdum sem það kann að hafa verið, þá sér Ágústínus frá Hippó ástæðu til að bregðast við sögusögnum um einfætt skrímsl, höfuðlaus og eyrnastór (ásamt fleirum) í sérstökum kafla í riti sínu *Guðsríkinu*. Ef til vill bætti það ekki úr skák fyrir Ágústínus að vera frá borginni Hippó á norðurströnd Afríku, sem í nútímanum tilheyrir Alsír. Landafræði þar sem reiknað er með ófreskjum umhverfis Evrópu kann að hafa reynst kristnum hugsuðum frá sömu landsvæðum óþægur ljár í þúfu, nokkuð sem þyrfti að vera hægt að skýra með guðfræðilegum rökum. Ágústínus varð frumkvöðull slíkra rökfærslna sem síðan voru endurteknar og endurunnar fram eftir öldum. Íslenskir handritaskrifarar voru meðal þeirra sem fjölluðu um þessar hugmyndir líkt og náttúrulegan sannleika og vísuðu jafnt til Ágústínusar og Ísidórusar sem heimildarmanna um þessa vitneskju, þótt ekki hafi þeir nauðsynlega haft rit

²¹ Heródótos, *Rannsóknir*, þýð. Stefán Steinsson, Reykjavík: Mál og menning: 2013, bls. 189–190, 215, 259, 236–237; Debbie Felton, „Rejecting and Embracing the Monstrous in Ancient Greece and Rome“, *The Ashgate Research Companion to Monsters and the Monstrous*, ritstj. Asa Simon Mittman og Peter J. Dendle, Farnham, Surrey: Ashgate, 2012, bls. 103–131.

²² Plíníus eldri, *Natural History* 2, Loeb Classical Library 352, útg. H. Rackham, Cambridge, MA: Harvard University Press: 1942, bls. 476–478, 518; Plíníus eldri, *Natural History* 3, Loeb Classical Library 353, útg. H. Rackham, Cambridge, MA: Harvard University Press: 1983, bls. 332. Sjá einnig: Aristóteles, *Aristotle XIII: Generation of Animals*, Loeb Classical Library 366, útg. A.L. Peck, Cambridge, MA: Harvard University Press: 1942, bls. 244–245, sbr.: Van Duzer, „*Hic sunt dracones*“, bls. 397.

²³ John Block Friedman, *The Monstrous Races*, bls. 51–55; Asa Simon Mittman, *Maps and Monsters in Medieval England*, New York: Routledge, 2006, bls. 34–35; Jeremy DeAngelo, „The North and the Depiction of the Finnar in the Icelandic Sagas“, *Scandinavian Studies* 3/2010, bls. 257–286, hér 268–269; Arngrímur Vídalín, Skuggsjá sjálfsins, bls. 78–87.

þeirra sjálfra undir höndum. Þó að ýmis horn heimsins hjá þeim séu talin sneisafull af skrímslum þá virðist Ísland almennt undanskilið.

Fyrir Ágústínusi liggur að gera upp við hinn klassíska menningararf og hugmyndir heiðingja, þar með talið trúarbrögð, heimspeki og náttúrufræði fornaldar og ekki síður hinar útbreiddu hugmyndir um skrímslislegar þjóðir.²⁴ Rit hans *Guðsríkið* er mikið vöxtum og þar tekur hann fyrir arfleifð fornaldar í vörn fyrir kristnina. Nútímalesanda kann að virðast fáránlegt að svara fyrir hugmyndir um að skrímsl kunni að vera til, en Ágústínus gat svarað slíkum vangaveltum á tiltölulega einfaldan hátt og með skotheldum rökum. Ætla má að með þessum tilteknu skrifum sínum hafi vakað fyrir Ágústínusi að setja fram guðfræðilega rökfærslu um mögulega tilvist skrímsla, þó að hann hafi sjálfur ekki trúað á þau, sem skýringu fyrir þá lesendur sem kynnu að trúa heldur hinu vísindalega kennivaldi Plíníusar.²⁵ Áhrifin af rökfærslu Ágústínusar urðu mikil og í einhverjum tilvikum andstæð því markmiði hans sem hér er lýst, sem gerir einmitt söguna sérlega áhugaverða. Það vakti aldrei fyrir honum að sanna tilvist skrímsla en þannig voru orð hans engu að síður túlkuð af mörgum sem á eftir honum komu. Þó að ekki sé unnt að vitna hér í Ágústínus í heild þá er vel þess vert að gera það í sem lengstu máli, með velvirðingu á meðferð minni á frumtextanum í tilraun til þýðingar:

Spyrja má hvort oss sé ætlað að trúa því að viss skrímslisleg kyn manna, sem lýst er í frásögnum heiðingja, séu komin af sonum Nóa, eða öllu heldur frá þeim manni sem þá gat. Til eru frásagnir af vissum mönnum sem sagðir eru hafa eitt auga í miðju ennisins, aðrir hverra iljar snúa aftur frá fótleggjum og upp, enn aðrir sem munu vera tvíkynja frá náttúrunnar hendi, hið hægra brjóst sem á karli en hitt líkt og á konu og að þeir sitt á hvað í æxlun sinni fæði börn eða geti. Þá eru þeir sem engan hafa munninn en lifa á því einu að anda inn um nasirnar. Til munu menn aðeins alin á hæð sem Griskir nefna Pygmía eftir eigin mælikvarða. Annars staðar eru sagðar til konur sem geta börn fimm ára gamlar en lifa ekki umfram hið áttunda ár. Sömuleiðis hafa menn fyrir satt að til sé kyn fólks hvers fatur vaxa af einum legg. Eigi munu þeir geta beygt sitt eina hné en engu síður eru þeir fótfráir með eindæmum. Þeir eru kallaðir Sciopodes eður Skuggfótungar, þar eð þeir í sólar hita leggjast með bakið að jörðu og skýla sér í skugga fóta sinna. Þá eru þeir sem sagðir eru höfuðlausir, augu þeirra í öxlunum, og enn fleiri sortir af mönnum eða hálfmönnum, svo sem þeim sem sýndir eru á mósaikveggnum við höfnina í Karþagó, til dæmis um forvitnilegar náttúrur eftir frásögnum bóka. Hvaða orð ætti ég að hafa um þá er kallast Cynocephali, hverra hundgá og -höfuð vitnar um að þeir eru fremur skepnur en menn? Að sönnu erum vér eigi bundin af trú á allar þær gerðir manna sem sagðar eru til. Hins ber að gæta að hver sá sem fæddur er mannvera, það er að segja vitborin dauðleg vera, hversu undarleg sem sú kann að virðast skilningi okkar að líkamsmynd eður lit eður látæði eður talanda, eða á hvaða hátt sem kynni vera, að einhverjum hluta eður af náttúrunnar eiginleik, þá getur enginn sem aðhyllist rétta trú velkst í nokkrum vafa um að slíkur einstaklingur er af ætt hins eina manns sem fyrstur var skapaður. Á því er engu að síður skýr greinarmunur, sem náttúrlega hefur erfst meðal meirihlutans, og hins, sem vekur undrun sakir fágætis síns.²⁶

Þær skrímslislegu þjóðir sem Ágústínus dregur hér fram eru fengnar úr plínísku hefðinni og hefur John Block Friedman haldið því fram að hann vísi beint til

²⁴ David Vincent Meconi, „Introduction“, *The Cambridge Companion to Augustine's City of God*, ritstj. David Vincent Meconi, Cambridge: Cambridge University Press, 2021, bls. 1–18; David Vincent Meconi, „Book I: The Crumbling and Consecration of Rome“, sama rit, bls. 19–38.

²⁵ Þeim misskilningi vill bregða fyrir að Ágústínus hafi með þessu ályktað að skrímsl hlytu að vera til, sem er fjarri sanni. Sjá t.d.: Sciancalepore, „Classical Monsters in Medieval Literature and Art“, *The Oxford Handbook of Monsters in Classical Myth*, ritstj. Debbie Felton, Oxford: Oxford University Press 2024, bls. 448–469, hér 449.

²⁶ Ágústínus frá Hippó, *Augustine: The City of God Against the Pagans* 5, Loeb Classical Library 415, útg. E.M. Sanford og W.M. Green, Cambridge, MA: Harvard University Press, 1965, bls. 40–44: „Queritur etiam, utrum ex filiis Noe vel potius ex illo uno homine ipsi extiterunt propagata esse credendum sit quaedam monstrosa hominum genera, quae gentium narrat historia, sicut perhibentur quidam unum habere oculum in fronte media,

Plíníusar þegar hann ræðir um frásagnir heiðingja.²⁷ Ljóst er að Ágústínus vísar aðeins í sjöundu bók Plíníusar, annaðhvort beint eða í gegnum óþekktan millilið; hvort heldur sem er skiptir ekki höfuðmáli hér, aðeins að Ágústínus ræðir sömu hugmyndir og Plíníus hafði áður tekið til ítarlegrar umfjöllunar.²⁸ Tilvistarleg forsenda allra mannlegra vera hangir á hlutverki þeirra í sköpunarverkinu og fyrir þær sakir leitast Ágústínus við að svara þeirri spurningu hvort hin plínísku skrímsl séu í reynd mennsk (aftur þýðing höfundar):

Hver gæti ennfremur fest tölu á öll þau mannsbörn sem mjög eru frábrugðin óvæfengdum foreldrum sínum? Af þeirri ástæðu að vér getum ekki neitað því að þau eru komin af hinum fyrsta manni þá gildir hið sama um hvers konar þjóðflokka sem sagðir eru hafa vikið, ef svo má segja, sakir síns líkamlega fjölbreytileika, af hinum sjálfsgöða stíg náttúrunnar sem meirihluti, og að sönnu nær allt mannfólk, treður. Flokkist þetta fólk til hugsandi og dauðlegra dýra þá verðum vér jafnframt að viðurkenna að ætt þess er komin af hinum eina og sama fyrsta föður alls mannkyns — að því tilskildu vitaskuld að þessar sögur af fjölbreytilegum eiginleikum margháttaðra þjóða, sem hver er annarri frábrugðin og svo oss, séu ósviknar. Því ef vér vissum ekki að mannapar, apakettir og simpansar eru ekki menn heldur skepnur, þá gætu sömu náttúrufræðingar og upphesja bábiljur og furðusögur af stærilætislegri fordild sinni þvingað þeirri uppljómun á oss að allt séu þetta sérstakir þjóðflokkar mannfólks. Ef vér nú þrátt fyrir allt samþykktum það að skepnur slíkra skrásettra furðusagna séu menn, hvað þá ef vilji Guðs stóð til þess að skapa einhverja slíka mannflokka einmitt til að varna oss þeirri hugsun, að þeirri visku með hverri hann mótar sköpulag manna hafi verið áfátt í tilfelli slíkra skrímsla sem sannarlega eru fædd af mennskum foreldrum, eins og það hafi ekki verið hagleiksverk mikils listamanns? Það ætti því ekki að virðast oss ónáttúrulegt, jafnt eins og til eru einstök skrímsl í tilteknum hópum fólks, að einnig séu til meðal mannkyns alls heilu skrímslislegu þjóðirnar. Lof mér því, varfærnislega og með öllum fyrirvörum, að skýra frá ályktun minni. Annaðhvort eru ritaðar heimildir um vissar þjóðir alveg byggðar á sandi eða, ef slíkar þjóðir eru til, þá eru þær ekki mennskar eða, ef þær eru mennskar, þá eru þær af Adam komnar.²⁹

Í sem fæstum orðum mætti endursegja og setja rök Ágústínusar fram svona:

quibusdam plantas versas esse post crura, quibusdam utriusque sexus esse naturam et dextram mammam virilem, sinistram muliebrem, vicibusque inter se coeundo et gignere et parere; aliis ora non esse eosque per nares tantummodo habitu vivere, alios statura esse cubitales, quos Pygmaeos a cubito Graeci vocant, alibi quinquennes concipere feminas et octavum vitae annum non excedere. Item ferunt esse gentem, ubi singula crura in pedibus habent nec poplitem flectunt, et sunt mirabilis celeritatis. Quos Sciopodas vocant, quod per aestum in terra iacentes resupini umbra se pedum protegant; quosdam sine cervice oculos habentes in umeris, et cetera hominum vel quasi hominum genera, quae in maritima platea Carthaginis musivo picta sunt, ex libris deprompta velut curiosioris historiae. Quid dicam de Cynocephalis, quorum canina capita atque ipse latratus magis bestias quam homines confitetur? Sed omnia genera hominum, quae dicuntur esse, credere non est necesse. Verum quisquis uspiam nascitur homo, id est animal rationale mortale, quamlibet nostris inusitatam sensibus gerat corporis formam seu colorem sive motum sive sonum sive qualibet vi, qualibet parte, qualibet qualitate naturam, ex illo uno protoplasto originem ducere nullus fidelium dubitaverit. Apparet tamen quid in pluribus natura obtinuerit et quid sit ipsa raritate mirabile.“

²⁷ John Block Friedman, *The Monstrous Races*, bls. 90–92. Hafa ber í huga að hugtakið sem Ágústínus notar er *gentium*, sem fyrst og fremst vísar til þeirra sem ekki eru gyðingar fremur en beinlínis til heiðingja. Að hann vísi til heiðingja sérstaklega má þó lesa úr samhenginu, auk þess að hann var ekki gyðingur sjálfur og því ólíklegri en ella til að nota orðið í þeirri merkingu.

²⁸ Sbr. gagnrýni O'Donnells á þrjár meginadferðir *Quellenforschung*, sjá: O'Donnell, „Augustine's Classical Readings“, *Recherches Augustiniennes et Patristiques* 1980, bls. 144–175; Hagendahl, *Augustine and the Latin Classics 1*, Gautaborg: Acta Universitatis Gothoburgensis, 1967, bls. 219–222, 2. bindi: bls. 670–672.

²⁹ „Quis autem omnes commemorare possit humanos fetus longe dissimiles his ex quibus eos natos esse certissimum est? Sicut ergo haec ex illo uno negari non possunt originem ducere, ita quaecumque gentes in diversitatibus corporum ab usitato naturae cursu quem plures et prope omnes tenent velut exorbitasse traduntur, si definitione illa includuntur, ut rationalia animali sint atque mortalia, ab eodem ipso uno primo patre omnium stirpem trahere confitendum est, si tamen vera sunt quae de illarum nationum varietate et tanta inter se atque nobiscum diversitate traduntur. Nam et simias et cercopithecos et sphingas si nesciremus non homines esse sed bestias, possent illi historici de sua curiositate gloriantes velut gentes aliquas hominum nobis impunita vanitate mentiri. Sed si homines sunt, de quibus illa mira conscripta sunt, quid si propterea Deus voluit etiam nonnullas gentes ita creare, ne in his monstris, quae apud nos oportet ex hominibus nasci, eius sapientiam qua naturam fingit humanam velut artem cuiuspiam minus perfecti opificis putaremus errasse? Non itaque nobis videri debet absurdum ut quem ad modum in singulis quibusque gentibus quaedam monstra sunt hominum ita in universo genere humano quaedam monstra sint gentium. Quapropter ut istam quaestionem pedetentim cauteque

1. Ef skrímsl eru til og séu þau mennsk, þá eru þau komin af Adam.
2. Ef skrímsl eru til en þó ekki mennsk, þá hefur Guð engu að síður skapað þau.
3. Allt sem Guð hefur skapað gegnir tilgangi í sköpunarverkinu.
4. Sá tilgangur er okkur hvorki nauðsynlega ljós, né höfum við leyfi til að draga hann í efa.

Stóra atriðið í rökfærslunni er þetta **ef** sem Ágústínus leggur svo mikla áherslu á. Það er ekkert sem segir að forsendan haldi, en **ef** skrímsl eru til, þá eru þau ekki orðin til gegn náttúrunni eða vilja Guðs, líkt og Varró, samkvæmt Ísidórusi af Sevilla, hafði áður haldið fram.³⁰ Í röksemdafærslu Ágústínusar felst að skrímsl séu ekki orðin til í andstöðu við sköpunarverkið og undir þetta tóku helstu sporgöngumenn hans í meginatriðum, að því undanteknu að sú skoðun Ágústínusar að ekki bæri að rannsaka hver ætlan almættisins væri með sköpun skrímsla vikur fyrir opnara sjónarmiði. Ef skrímsl væru til af ástæðu, þá hlyti að vera ástæða fyrir mannfólk að túlka þau til að reyna að henda reiður á því hvaða skilaboð í þeim fælust. Hér ber helst að nefna Ísidórus erkibiskup af Sevilla (d. 636) og grundvallarverk hans *Orðsifjarnar* (lat. *Etymologiae*).

Hjá Ísidórusi eru horfnir allir fyrirvarar. Skrímslin eru sannanlega til og sömuleiðis ýmsir hrikalegir fyrirburðir sem eðlis síns vegna geta ekki orðið langlífir, sem sagt börn með alvarlega líkamlega galla. Hann bregður sömuleiðis af hinni ágústínsku hefð og leyfir sér að túlka að einhverju leyti hin skrímslislegu fyrirbæri. Hann beinlínis telur það nauðsyn að túlka gjörðir Guðs svo að hægt sé að átta sig á merkingu þeirra og sjá hvert framtíðin stefnir. Um túlkun fyrirburða segir hann, í þýðingu minni:

Sumir fyrirburðir virðast hafa verið skapaðir sem vísbending um óorðna hluti, því að Guð vill stundum gefa til kynna hvað koma skal með hinum ýmsu fæðingargöllum meðal nýbura, rétt eins og með draumum eða véfréttum, sem hann getur sýnt og gefið í skyn með framtíðarógn sem bíður tiltekinna þjóða eða einstaklinga, líkt og fjölmörg reynsludæmi einmitt sanna.³¹

Meðal dæma sem hann tekur er þegar refur fæddist af meri, sem táknaði yfirvofandi endalok veldis Xerxesar.

Á sama hátt hefur Ágústínus áður sagt:

Með sama móti og skýra má einstök skrímslisleg afkvæmi mannfólks má einnig skýra tiltekna skrímslislega þjóðflokka, því að Guð er skapari allra hluta og hann sjálfur veit hvenær stund er og staður til að bæta í sköpunarverkið og hvenær sérhvert fyrirbæri hefur verið skapað, því að af visku sinni velur hann saman hina ýmsu þætti, líka og ólíka, sem mynda fegurð alheimsins í heild sinni. En sá sem eigi fær skýrlega greint heildina móðgast vegna sýnilegs vanskapnaðar einstaks hluta hennar, því hann ekki veit hverju sá hluti samsvarar eða hvernig beri að skýrgreina hann. Vér þekkjum til einstakra manna sem fæðst hafa með fleiri en fimm fingur eða tær á hvorri hendi eða fæti. Þetta er að vísu of smávægilegt til að geta talist verulegt frávík en fjarstæðukennt væri að draga af því þá ályktun að Skaparinn hefði með því mistalið réttan fjölda fingra, jafnvel þótt ekki sé ljóst hvers vegna hann fór að líkt og hann gerði. Hið sama gildi ef

concludam: aut illa quae talia de quibusdam gentibus scripta sunt, omnino nulla sunt; aut si sunt, homines non sunt; aut ex Adam sunt, si homines sunt.“ Ágústínus frá Hippó, *Augustine: The City of God* 5, bls. 46–48.

³⁰ Ísidórus af Sevilla, *The Etymologies of Isidore of Seville*, útg. Stephen A. Barney, W.J. Lewis, J.A. Beach og Oliver Berghof, Cambridge: Cambridge University Press, 2006, bls. 243. Heimildin fyrir þessari staðhæfingu Varrós er annaðhvort glötuð eða Ísidórus hefur rangt eftir. Barney o.fl. telja ennfremur ólíklegt að Ísidórus hafi haft beinan aðgang að textum Varrós, sjá bls. 11.

³¹ Sama heimild, bls. 244.

frávikin væru meiri, að verk hans, sem veit hvað hann hefur gjört, hefur enginn rétt til að gagnrýna. Í Hippó-Zarítus er maður sem er með hendur sem eru að lögun sem hálfmáni með aðeins tvo fingur hvor og að líkri myndan eru fætur hans. Ef til væri heil þjóð honum lík yrði henni vísast bætt við safn hins furðulega og ótrúlega í náttúrufræðinni. Varla eigum vér fyrir þær sakir að neita því að þessi maður sé afkomandi hins fyrsta manns er skapaður var?³²

Þá endurómar Ísidórus það þegar hann segir (þýðing mín): „Rétt eins og meðal stakra þjóða eru dæmi um skrímslislega einstaklinga, þá eru meðal mannkyns alls vissar skrímslislegar þjóðir, svo sem risarnir, hundshöfðarnir [lat. cynocephali], kýklóparnir og fleiri.“ Hann gerir ennfremur veigamikinn greinarmun á þessum og fleiri af þeim þjóðum sem Plíníus og Ágústínus telja til, annars vegar, og ímynduðum og goðsögulegum skrímslum á við sírenur, Hadesarhundinn Kerberos og fleiri hins vegar.³³

Þar með er ljóst að allur sá fyrirvari sem Ágústínus setti á rökfærslu sína er úr myndinni hjá Ísidórusi. Það grundvallaratriði í rökfærslu Ágústínusar sem virðist að ósekju hafa skolest til í tímans rás er þetta áður nefnda **ef**. Ekki virðist með öllu ljóst hvenær sú forsenda fer að hníkast til, en á síðmiðöldum er tilvist skrímsla ekki lengur spurning um **hvort** þau eru til, heldur **hvar** og **hvers vegna**. Fyrst hin helstu *auctoritates* fjölluðu svo mörg um verufræði skrímsla, frá Heródóti til Plíníusar, frá Ágústínusi til Ísidórusar, þá var enginn efi eftir í spílinu og rit tóku að spretta fram sem lýstu tilvist skrímsla sem óhrekjanlegri staðreynd. Forsendunni sem Ágústínus hafði lagt svo mikið upp úr var svo að segja sparkað undan rökfærslu hans. Fyrir misgáning eða ónákvæman lestur er hann þar með hafður sem heimild fyrir því sem honum sjálfum var þvert um geð að færa sönnur á. Nú þegar tilvist skrímsla var sannreynd var hægt að segja:

1. Skrímsl eru til,
2. þau eru sköpuð af Guði,
3. okkar bíður það verk að túlka þau.

Skrímslin sem Ágústínus taldi möguleg en sennilega þó ekki til urðu bókstafleg meðal kristinna ekki löngu eftir að Ísidórus skrifar verk sitt. Ýmsar guðfræðilegar skýringar taka að fylgja frásögnum sem sennilega eru ekki af kristinni rót til að byrja með. Grendill og móðir hans úr *Bjólfskviðu* eru sögð komin af bróður-morðingjanum Kain og dæmd til ævarandi refsingar fyrir morðið á Abel.³⁴

³² „Qualis autem ratio redditur de monstrosis apud nos hominum partibus, talis de monstrosis quibusdam gentibus reddi potest. Deus enim creator est omnium, qui ubi et quando creari quid oporteat vel oportuerit, ipse novit, sciens universitatis pulchritudinem quarum partium vel similitudine vel diversitate contextat. Sed qui totum inspicere non potest tamquam deformitate partis offenditur, quoniam cui congruat et quo referatur ignorat. Pluribus quam quinis digitis in manibus et pedibus nasci homines novimus; et haec levior est quam ulla distantia; sed tamen absit ut quis ita desipiat ut existimet in numero humanorum digitorum errasse Creatorem, quamvis nesciens cur hoc fecerit. Ita etsi maior diversitas oriatur, scit ille quid egerit, cuius opera iuste nemo reprehendit. Apud Hipponem Zaritum est homo quasi lunatas habens plantas et in eis binos tantummodo digitos, similes et manus. Si aliqua gens talis esset, illi curiosae atque mirabili adderetur historiae. Num igitur istum propter hoc negabimus ex illo uno, qui primus creatus est, esse propagatum?“ Ágústínus frá Hippó: *Augustine: The City of God*, bls. 44–46.

³³ Ísidórus frá Sevilla, *The Etymologies of Isidore of Seville*, bls. 244–246.

³⁴ „wæs se grimma gæst Grendel haten, mære mearc-stapa, se þe moras heold, fen ond fæsten; fifel-cynnes eard won-sæli wer weardode hwile, siþðan him scyppen forschripen hæfde in Caines cynne — þone cwealm gewræc ece Drihten, þæs þe he Abel slog“. *The Beowulf Manuscript: Complete Texts and The Fight at Finnsburg*, Dumbarton Oaks Medieval Library 3, útg. R.D. Fulk, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2010, bls. 92. Sbr.: Dana Oswald, *Monsters, Gender and Sexuality in Medieval English Literature*, Cambridge: D.S.Brewer, 2010, bls. 66–115. Sjá einnig: Tim Flight, *Basilisks and Beowulf: Monsters in the Anglo-Saxon World*, Lundúnum: Reaktion Books, 2021, bls. 169–220.

Söguskýringar um þrískiptingu heimsins milli sona Nóa verða tíðar: Jafet fékk Evrópu, og er því forfaðir allra sem upprunnir eru í Evrópu; Sem hlaut Asíu, og því eru Gyðingar og Arabar sagðir semískir; en Ham, sem var refsað fyrir að finna föður sinn nakinn og áfengisdauðan, hlaut Afríku.³⁵ Ham var talinn forfaðir hinna fordæmdu þjóða, sem segir í Opinberun Jóhannesar að muni við endalokin herja gegn hinum sanntrúuðu.³⁶ Þessar fordæmdu þjóðir verða í meðförum margra miðaldaskrifara, bæði á meginlandi Evrópu og á Íslandi, að sama fyrirbæri og hinar plínísku skrímslapjóðir, hverra tilvist er staðfest af bæði Ágústínusi og Ísidórusi.

Hér taka ótal hugmyndir að tvinnast saman á alveg ófyrirséðan hátt. Bækur á borð við *Liber Monstrorum* sem, líkt og titillinn gefur til kynna, fjallar um kynstrin öll af skrímslum,³⁷ *Undrin í austri*, *Reisubók Mandevilles* og fleiri taka að skjóta upp kollinum. *Undrin í austri* eru varðveitt í handriti með áður nefndri *Bjólfskviðu* og þar kennir ýmissa grasa: hænur sem brenna menn til kaldra kola, hundshöfðar eða cynocephali suður af Egyptalandi, homodubii sem svo eru nefndir sakir óvissu um mennsku þeirra, fólk með tvö andlit á einu höfði, 20 feta hátt fólk með ljónsmakka sem svitnar blóði, blemmyes, drekar, donestre, arimaspoi, viðbjóðslegar konur sem Alexander mikli er sagður hafa slátrað, og fleira.³⁸ *Reisubók Mandevilles* er án efa þekktasta lygisaga síðmiðalda. Hún segir af ferðum Jóns nokkurs Mandevilles, sem hvergi er getið í öðrum heimildum, til Austurlanda og öllum þeim undrum sem verða á vegi hans þar, en þeirra á meðal eru hin sívinsælu skrímsl. Hún var þýdd yfir á fjölmörg tungumál og varðveitt er forndönsk þýðing frá fimmtándu öld.³⁹ Árið 1573 birtist ritið *Des Monstres et Prodiges* eftir skurðlækninn Ambroise Paré og þar er enn vísað til Ágústínusar og annarra fornra heimildarmanna um tilvist og merkingu skrímsla.⁴⁰ Svo mætti áfram telja.

Rit Ágústínusar og Ísidórusar höfðu gríðarleg áhrif á miðöldum og ljóst er að hugmyndir þeirra um skrímsl náðu víða, þar með talið til Íslands. Þannig urðu skrímsl viðurkenndur hluti heimsmyndar kristinna lærdómsmanna um alla Evrópu. Ljóst er að áhrif á kristna handritaritara Íslands hafi einkum borist frá Híerónýmusi, Ágústínusi, Alkvín frá Jórvík, Ísidórusi, Honoríusi Augustodunensis og Vincentíusi frá Beauvais, enda má vísanir í verk þeirra finna víða. Sumt

³⁵ *Sjorn*, bls. 63–66; *Alfræði íslenskt 1*, AM 194, 8vo, útg. Kristian Kålund, Kaupmannahöfn: S.L. Møllers bogtrykkeri: 1908, bls. xviii–xxxv; bls. 7–8.

³⁶ Craig R. Koester, *Revelation and the End of All Things*, Grand Rapids: William B Eerdmans Publishing Company: 2001, bls. 175–178, 187–191. Hjá Pseudo-Methodíusi tákna hinar fordæmdu þjóðir Gog og Magog Araba, sjá: James T. Palmer, *The Apocalypse in the Early Middle Ages*, Cambridge: Cambridge University Press, 2014, bls. 110–119; sbr.: Judith L. Kovacs og Christopher Rowland, *Revelation: Blackwell Bible Commentaries*, Blackwell Bible Commentaries Series, Malden, MA: Blackwell Publishing, 2004, bls. 213–214. Sjá einnig: Jaroslav Pelican, *The Christian Tradition 1: The Emergence of the Catholic Tradition (100–600)*, Chicago: University of Chicago Press, 1971, bls. 127 o.áfr.; John Block Friedman, *The Monstrous Races*, bls. 87–107. Ennfremur sjá: Sigurbjörn Einarsson, *Opinberun Jóhannesar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1957, bls. 196–197.

³⁷ Eina útgáfa *Liber monstrorum* mér vitandi er í: Andy Orchard, *Pride and Prodiges: Studies in the Monsters of the Beowulf-Manuscript*, Toronto: University of Toronto Press, 1995, bls. 254–320. Þrátt fyrir að titill bókarinnar gefi annað til kynna þá er *Liber Monstrorum* ekki að finna í Bjólfskviðuhandritinu.

³⁸ *The Beowulf Manuscript*, bls. 17–29. Sbr.: Dana Oswald, *Monsters, Gender and Sexuality*, bls. 27–65.

³⁹ *Mandevilles reise på dansk fra 15de århundrede*, útg. M. Lorenzen, Kaupmannahöfn: S.L. Møllers bogtrykkeri: 1881–1882. Sbr.: *Sir John Mandeville: The Book of Marvels and Travels*, útg. Anthony Bale, Oxford: Oxford University Press: 2012. Sjá einnig: Dana Oswald, *Monsters, Gender and Sexuality*, bls. 116–158.

⁴⁰ Ambroise Paré, *On Monsters and Marvels*, útg. Janis L. Pallister, Chicago: The University of Chicago Press: 1982, t.d. bls. 3, 8.

var þýtt úr latínu yfir á íslensku en margir hinna eldri höfunda hafa vísast borist til Íslands um endursagnir fremur en frumtexta. Ljóst má þó vera að þær hugmyndir sem hér eru hafðar eftir Ísidórusi hafa borist nokkurn veginn ómengaðar inn í íslensk handrit.

Áhrif skrímslarökfærslunnar á Ísland

Um aldamótin 1200 eru ritaðar tvær íslenskar gerðir af *Physiologus*, hvor sjálfstæð frá annarri. *Physiologus* er kristilegt dýrafræðirit upprunnið í Egyptalandi (að sumir telja í borginni Alexandríu, sem fræg var fyrir bókasafn sitt), og fyrst ritað á grísku. Í *Physiologusi* er fjallað um ýmis dýr og eiginleika þeirra, jafnt raunveruleg og óraunveruleg dýr, svo sem krókódíla og fönixa, og síðan eru dýrin túlkuð með kristilegri útleggingu. Pardusinn, til dæmis, táknar Krist, en hvalurinn þykir tákna sjálfan andskotann þrátt fyrir að eiginleikar hans séu svipaðir eiginleikum pardussins. Þessari hefð allri væri of langt mál að segja frá hér, en bersýnilega hefur einhver gerð ritsins borist til Íslands og verið rituð upp í tveim, að því er virðist, óskyldum handritum sem nú eru varðveitt með safnmarkinu 673 a I–II 4to á Stofnun Árna Magnússonar.⁴¹ Smærra handritsbrotið inniheldur takmarkaðan texta en þeim mun meira áberandi eru myndirnar í brotinu, og eitt blaðið sýnir á fram- og afturfleti myndir af hinum plínísku skrímslum: þar með talið hundshöfðum, blemmyes, einfótung, kýklópa, arímaspa með eyrun löngu og fleiri.⁴² Handritsbrotin tvö af *Physiologus* eru með allra elstu ritum varðveittum á Íslandi svo að greinilegt er að þessar hugmyndir hafa borist hingað snemma með kristninni, ásamt allri okkar bókmenningu. Þessum myndum hefur án vafa upphaflega fylgt texti sem skýrði eiginleika hinna ólíku þjóðflokka en úr því að sá texti hefur ekki varðveist þá látum við okkur nægja hér að kanna samsvarandi texta úr öðrum lærdómsritum.

Þessi skrímsl rata að vísu inn í sagnaritin: einfótungar birtast í sögum af Grænlandsförum, blemmyes í Kirjalax sögu og svo mætti áfram telja. En hér vil ég einblína á þrjá alfræðitexta af ólíku tagi sem allir bera þess óræk merki að vera innblásnir af Ísidórusi, Ágústínusi og Plíníusi. Öll þau rit sem nú segir frá innihalda merkar landafræðiritgerðir þar sem hinna skrímslislegu þjóða, hinna sömu og myndlýstar eru í *Physiologus*, er getið og jafnvel lýst með ítarlegum hætti. Það sem einna helsta athygli kann að vekja er að eitt þessara rita, Stjórn, mætti kalla biblíurit í margvíslegum skilningi þess orðs. Stjórn er í raun þrjú ólík rit, sem nefnd hafa verið Stjórn I, Stjórn II og Stjórn III. Stjórn II fjallar einkum um 19. kafla Annarrar Mósebókar og það sem þaðan er eftir af Mósebókunum fimm. Stjórn III er síðan nokkuð nákvæm þýðing á Vúlgötu frá Jósúabók til Síðari

⁴¹ Um *Physiologus* og dýrafræðihöfðina sem spratt upp af honum má fræðast t.d. hjá: Vittoria Dolcetti Corazza, „Crossing Paths in the Middle Ages: The Physiologus in Iceland“, *The Garden of Crossing Paths: The Manipulation and Rewriting of Medieval Texts: Venice, October 28–30, 2004*, ritstj. Marina Buzzon og Massimiliano Bampi, Fenejum: Cafoscarina, 2007, bls. 225–248; Alan Scott, „The Date of the Physiologus“, *Vigiliae Christianae* 4/1998, bls. 430–441; *The Icelandic Physiologus: Facsimile Edition with an Introduction*, útg. Halldór Hermannsson, Íþöku, NY: Cornell University Press, 1938, bls. 1–15; *Bestiary: MS Bodley 764*, útg. Richard Barber, Woodbridge: The Boydell Press: 1999, bls. 7–16; *Physiologus: A Medieval Book of Nature Lore*, útg. Michael J. Curley, Chicago: University of Chicago Press: 2009, bls. ix–xlvii; *The Book of Beasts: Being a Translation from a Latin Bestiary of the Twelfth Century*, útg. T.H. White, New York: Dover Publications: 1984, bls. 230–270.

⁴² *The Icelandic Physiologus*, bls. 27–28. Sjá einnig: *Heimskringla 3: Lykilbók*, útg. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 1991, bls. 76 og 78.

konungabókar með litlum viðbótum. Stjórn I skiptir þó mestu máli fyrir þessa umfjöllun, en hún inniheldur þýðingar úr Gamla testamentinu frá Fyrstu Mósebók til 18. kafla Annarrar Mósebókar, ásamt gríðarmiklum viðbótum og guðfræðilegum útleggingum á textanum, en textaskýringar Stjórnar I eru einkum fengnar frá Ágústínusi, Ísidórusi, Honoriusi, Ríkharði frá Viktorsklaustri og Pétri Comestor. Kennivald Ágústínusar er fyrirferðarmikið í verkinu og þegar í upphafi sköpunarsögunnar er vísað til *Guðsríkis* hans.

Í Stjórnarhandritinu AM 226 fol. sérstaklega er einnig skeytt inn í hina biblíulegu veraldarsögu Stjórnar I Rómverja sögu, sem er þýðing á frásögnum af Júgúrtustríðinu, sögu Alexanders mikla, og Gyðinga sögu, sem er þýðing á Fyrstu Makkabeabók, auk þýðinga úr *Historia scholastica* eftir Pétur Comestor og öðrum ritum. Grundvöllur heimssögunnar, að mati fólks, var Biblían, enda Móses hinn fyrsti sagnfræðingur, líkt og áður var getið, og síðan mátti taka trúanleg slík yngri rit, og tímatal hennar byggðist á kenningu Ágústínusar um sex *aetates mundi*, heimsaldra, en sá fyrsti spannaði tímann frá Adam til Nóa, annar frá Nóa til Abrahams, þriðji frá Abraham til Davíðs, fjórði frá Davíð til herleiðingarinnar til Babýlon, fimmti frá útleið Gyðinga fram að fæðingu Krists og loks sá sjötti frá fæðingu Krists fram að endalokum veraldar.⁴³

Stjórnarritin eru þannig meðal áhugaverðustu íslenskra miðaldarita, þó að sennilega megi telja á fingrum beggja handa þá fræðimenn sem hafa sýnt þeim áhuga. Hið stærra samhengi ritsins er heimurinn allur, og eftir því þá er einnig að finna ítarlega landafræðiritgerð innan Stjórnar I, þá allengstu sem varðveitt er í íslensku miðaldariti. Hún spannar um 50 blaðsíður í prentaðri útgáfu Reidars Astás. Þar segir meðal annars um hinn ysta jaðar í austri, og vert er að veita því eftirtekt að skrímslakenning Ágústínusar er hér orðuð í samræmi við hvernig Ísidórus útfærði hana í *Orðsifjunum*:

J utanuerdri heimsins austrhaalfu segiz at margar se skyssilighar þiodanna aaseonur. eptir þi sem skrifat er. at þeir se sua liotliga uordnir sik. at þeir hafi huarki nef ne nasir. ok allt andlitit liggi iafnhátt ok iafnslétt. Audrum liggr sua langt framm hin nedri uðrrin. at þeir hylia medr henni alla sina aaseonu i solar hita. þann tima sem þeir sofa. Sumir af þeim eru sua munnlitlir. at þeir hafa þar eina litla boru sem adrir menn hafa munninn. med huerri er þeir draga og suga sua sem umnockurn feadrstaf at ser fæduna. Af odrum segiz at ònguar hafi tungurnar medr aullu. ok teikni medr einum ok òdrum bendingum ok likamsins tilhneigingum fyrir tal ok malsgreinir sin i milli. Enn þo atnockurum monnum þicki þat undr edr utruanligt. sem sagt er af þess hattar edr annarri skyrsiligri skepnu. þa er þat þo satt eigi þi sidr. ok Ysidorus segir þi framarr. at þess háttar skepnur ero eigi i moti natturu. þiat þær uerda medr guds uilia. enn skaparans uili er nattura huers sem eins lutar þess sem skapaðr er. huadan af er heidnir spekingar kolluðu sealfan gud annan tima natturu enn annan tima gud. Nu fyrir þessa skynsemdargrein sem hann gorir ok gefr. at skaparans uili er skepnunnar nattura. þa er þess hattar undr ok skyrsileg skepna eigi moti sealfri natturunni uordin. utan moti þeirri natturu sem oss er kunnig.⁴⁴

Tæpri hálfri öld áður en Stjórn I var skrásett var Hauksbókarhandritið AM 544 4to skrifað. Um það er ekki einhugur meðal fræðimanna nákvæmlega hvers

⁴³ Elise Kleivane, „There is More to Stjórn than Biblical Translation“, *Speculum septentrionale: Konungs skuggsjá and the European Encyclopedia of the Middle Ages*, ritstj. Karl G. Johansson og Elise Kleivane, Ósló: Novus forlag: 2018, bls. 115–147, einkum 116–120; sbr.: Svanhildur Óskarsdóttir, „Um aldir alda: Veraldarsögur miðalda og íslenskar aldartölur“, *Ritið* 3/2005, bls. 111–133; Svanhildur Óskarsdóttir, *Universal history in Fourteenth-Century Iceland: Studies in AM 764 4to*, ópr. doktorsritgerð við University College London, 2000, bls. 63–68; *Stjórn: Tekst etter håndskriftene 2*, útg. Reidar Astás, Ósló: Riksarkivet: 2009, bls. xvii–cxxxviii; sbr.: *Stjórn*, bls. iii–xv; Reidar Astás, *An Old Norse Biblical Compilation: Studies in Stjórn*, New York: Peter Lang, 1991.

⁴⁴ *Stjórn*, bls. 79 o.áfr.

konar rit Hauksbók er, en ljóst er þó að hún er safnrit, eins konar bókasafn frábrugðinna rita sem nú er varðveitt í þremur handritabrotum. Meðal texta í henni er fræg gerð Völuspár sem er frábrugðin þeirri í Konungsbók eddukvæða; þar er einnig Landnámabók, Trójumanna saga og margt fleira.⁴⁵ Sá hluti hennar sem hefur safnmarkið AM 544 4to er ritaður á fyrstu árum fjórtándu aldar og inniheldur hálærða texta fyrir sinn tíma sem setja aðra texta ritsins í samhengi við kristilegan heimsskilning.⁴⁶ Þar á meðal er löng landafræðiritgerð sem inniheldur sérstakan undirkafla sem nefnist „hér segir af marghátuðum þjóðum“. Þar birtist okkur elsta varðveitta ítarlega (skriflega) lýsingin á íslensku á hinum skrímslislegu þjóðum Plíníusar. Kaflinn hefst svona:

Sva segia froðar bœkr at i heiminum se sua marg hattaðar þioðer beði at vexti oc at eðli. Risar ero kallaðar þioðer þer er stercastar ero. þeir ero sumir viðr eignar sem aðrer menn en sumir ero mannskæðir. A Blalande er þioð su er Panfagi heitir. þeir eta alt þat er tonn festir a. Trogodite heita þeir er renna hueriu dyri harðare. Aptropofagi ero mann etor. Antiofagi nyta ecki til matar vttan fiska eina. Arðabaðite ero biugir sem fenaðr oc eta ecki nema ratt se. oc eta beði menn oc dyr. Su þioð er þar er ala sem feitast foðr sinn oc moður þa er þau eldast en siðan bioða þeir til sin vinum sinum og frendum. skal þa drepa þau oc eta þau at erfi sinu. oc þickia þeir illa gera er þau lata biða elli oc vhogendi oc dœyia þau magr.⁴⁷

Ekki er víst að ritarar Stjórnarhandrita hafi þekkt til Hauksbókar svo að óhægt er um vik að segja að Haukur Erlendsson hafi í alfræðihluta bókar sinnar sett tóninn fyrir það sem koma skyldi. Miklu fremur mætti halda því fram að hin plínísku skrímsl hafi verið svo gjörþekkt um Evrópu þegar ritöld hefst á Íslandi að nokkuð samsvarandi umfjöllun um þau eigi sér stað hérlandis, frá *Physiologus* til Hauksbókar, Stjórnar og loks þess handrits sem síðast ber að geta og ber það þjála safnmark AM 194 8vo, en ég kys að kalla Narfeyrarbók eftir ritunarstað hennar árið 1387. Narfeyrarbók er mestmegnis rituð af prestinum á staðnum og svo aðstoðarmanni hans, þeim Ólafi Ormssyni og Brynjólfi Steinraðarsyni, og hefur hún sennilegast verið hugsuð sem praktískt alfræðirit um allt mögulegt sem hægt væri að hafa með sér, þar sem síðurnar eru þéttritaðar, engar myndir og brotið lítið.

Narfeyrarbók byggist mjög á verkum hinna vísustu lærdómsmanna úr Evrópu en er helst fræg fyrir að innihalda svonefndan Leiðarvísi frá Íslandi til Rómar og Jórsala, sem hefur verið eignaður Nikulási ábóta á Munkaþverá, þó að á því megi hafa nokkra fyrirvara.⁴⁸ Leiðarvísir þessi er órjúfanlegur hluti af stærri landafræðikafla sem að miklu leyti er runninn frá Ísidórusi og Bedu presti,⁴⁹ þar sem

⁴⁵ Fræðimenn hefur greint á um hvers konar safnrit um ræðir, sjá: Gunnar Harðarson, „Alfræðileg hugsun í Hauksbók“, *Fingraför spekinnar: Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2024, bls. 101–123.

⁴⁶ Sama rit, sama stað; Stefán Karlsson, „Aldur Hauksbókar“, *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmali hans 2. desember 1998*, ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2000, bls. 303–309. Sjá einnig: Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin: Heimsmynd Íslendinga 1100–1400*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005).

⁴⁷ *Hauksbóke uđgiven efter de arnamagnæanske håndskrifter*, útg. Finnur Jónsson og Eiríkur Jónsson, Kaupmannahöfn: Thieles bogtrykkeri: 1892–1896, bls. 165–166 o.áfr.

⁴⁸ Tommaso Marani, *Leiðarvísir: Its Genre and Sources, with Particular Reference to the Description of Rome*, ópr. doktorsritgerð við Durham University, 2012, bls. 44; Arngrímur Vídalín, „Óláfr Ormsson's Leiðarvísir: The Fourteenth Century Manuscript of a Supposed Twelfth Century Itinerary“, *Journal of English and German Philology* 117:2/2018, bls. 212–234.

⁴⁹ *Alfræði íslenska 1*, bls. xviii–xxxv; Stefán Karlsson, „Fróðleiksgreinar frá tólftu öld“, *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmali hans 2. desember 1998*, ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2000, bls. 95–118, einkum bls. 101.

heiminum er sagt skipt upp í þrjár hálfur sem synir Nóa fengu svo hver fyrir sig til búsetu, sem fyrr segir. Undirkaflí finnst þar um skrímslaþjóðir, sem hefst með þessum orðum:

Risar voro bæði fyrir Noa flóð ok eptir. Þær þjóðir ero storar. Ero sumir vidr-eignar sem adrir menn, enn sumir ero mannskædir. A Sithio ero Albani, þeir hafa gul augu sem alla kvodu forðum hafa ok sea betr um netr en um daga. Cicopli ero enn þar ok hafa eitt auga, ok er þat í midio enni, ok fêdazt vid dyra holld. Lamnies ero á Indialandi hòfut-lausr, þeir hafa munn ok augu á briosti ok brár. Adrir hafa svira, en augu á herdarblaudum. Cenocefali á Inndia-landi hafa hundz-hòfut ok geyia.⁵⁰

Þessi lýsing Narfeyrarbókar er í handritinu í beinu samhengi við landfræðilega stöðu Íslands innan þeirrar heimsmyndar sem Móses er sagður hafa dregið upp í fimmbókaríti sínu og er grundvöllur allrar landafræði. Í því tilliti má síðan skilja hvernig sá leiðarvísir er hugsaður sem beinir pílgrímum veginn frá Íslandi til Rómar og Jórsala, og hin trúarlega hlaðna merking hinna ýmsu goðsögulegu staða sem verða á vegi pílgrímanna verður nokkuð skýrari.⁵¹ Evrópa er ekki svo löngu kristnuð að ekki lúri eftir svæði í greipum heiðinna minna og síða sem leið pílgrímsins til Landsins helga er vörðuð. Evrópa sjálf er aftur umsetin af ófreskjum, sem eru hver annarri hræðilegri, og ekki minni *auctoritates* en Ágústínus og Ísidórus tala um þær af alvöru. Sagnir eru um hinar skelfilegu bannsettu þjóðir, Gog og Magog, sem Alexander mikli hafi náð að læsa inni — en þær munu snúa aftur við efsta dóm og berjast við hlið Andkrists.⁵² Á vissan hátt mætti segja að þessi veraldarlýsing kallist að nokkru leyti á við kristilegt varnarrit Ágústínusar, *Guðsríkið gegn heiðingjunum*.

Þau hin sömu skrímsl og Ágústínus tekur til umfjöllunar í *Guðsríki* sínu, sennilegast með skrif Plíníusar eldri beint eða óbeint í huga, áttu eftir að verða enn fyrirferðarmeiri í hugarheimi lærdómsmanna eftir því sem tímanum vatt fram. Rökfærsla Ágústínusar virðist hafa borist bjöguð til Íslands um útleggingu Ísidórusar á henni, svo að tilvist pygmía, einfótunga, hundshöfða og annarra álíka skrímslislegra þjóða með mennskan uppruna mun hafa verið hafin yfir allan vafa. Hvergi er vitnað beint til rökfærslu Ágústínusar í varðveittum heimildum á forníslensku en ljóst er að Íslendingar ræða skrímsl á sömu forsendum og hann lagði upp með, að því undanteknu að öllum verufræðilegum varnögnum er sleppt.

Okkur er nauðugur sá einn kostur að líta svo á að miðaldamenn hafi beinlínis trúað á þessar furðuþjóðir miðað við hversu áberandi þær eru í miðaldaritum frá öllum mögulegum Evrópulöndum um mörg hundruð ára skeið, og hversu mikilvægur þáttur þær virðast vera jafnt í trúarlegum og veraldlegum ritum. Þær verða tákn um hið ranghverfa við rétta siði, hentugur spegill fyrir okkur að líta í til að sjá andstæðuna við það hver við erum, og þar með skilgreina okkur sjálf

⁵⁰ *Alfræði íslenske* 1, bls. 34–35 o.áfr.

⁵¹ Peter Dinzelbacher, „Die mittelalterliche Allegorie der Lebensreise“, *Monsters, Marvels and Miracles: Imaginary Journeys and Landscapes in the Middle Ages*, ritstj. Leif Söndergaard og Rasmus Thorning Hansen, Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark: 2005, bls. 65–112; Stefka G. Eriksen, „Physical and Spiritual Travel across the Christian Storyworld: Leiðarvísir, an Old Norse Itinerary to Jerusalem“, *Tracing the Jerusalem Code 1: The Holy City Christian Cultures in Medieval Scandinavia (ca. 1100–1536)*, ritstj. K.B. Aavitsland og L.M. Bonde, Berlin: De Gruyter, bls. 219–243; Lars Lönnroth, *Two Norse-Icelandic Studies: Sponsors, Writers and Readers of Early Norse Literature and A Road Paved with Legends*, Gautaborg: Litteraturvetenskapliga Institutionen — Göteborgs Universitet, 1990, bls. 35–47.

⁵² Naomi Reed Kline, *Maps of Medieval Thought*, bls. 165–218.

sem sannkristið fólk í hættulegum heimi, þar sem hið illa gerir sitt til að spilla fyrir hinu góða. Sjálfsmyndir þurfa alltaf andstæður til að bera sig saman við, og ófreskjurnar sem umlykja hina kristna miðju veraldar gegna sínu hlutverki í sköpunarsögunni þótt illar þyki, hræðilegar og ómennskar. Einhvers staðar þurfa jú vondir að vera, hljóðaði einhverju sinni hér utan úr Drangey, og þó að þessi skrímsl séu að einhverju marki horfin úr heimsmyndinni þá hvílir skuggi þeirra enn á heimsmynd okkar, enda höfum við alltaf verið dugleg að búa okkur til ný skrímsl á gömlum grunni eftir því sem síkvik menning okkar í tímans nið kallar á uppfærslu.

Lokaorð

Fyrst eftir að hugmyndir um skrímsl utan Evrópu, og einkum á jöðrum heimsins, tóku að láta á sér kræla var þeim ef til vill lítt gefinn gaumur, en eftir því sem árhundruð liðu og þeim hugmyndum tók að vaxa ásmegin óx tilefni til að skýra skrímslin með tækjum guðfræðinnar í jöfnu hlutfalli við þessar hugmyndir. Heilagur Ágústínus færði fyrir því ítarleg rök að ef slík skrímsl væru til, þá hlytu þau að vera hluti sköpunarverksins. Sú röksemd Ágústínusar átti eftir að vinda upp á sig og verða til þess að sumir helstu hugmyndafræðingar kristinnar kirkju vísuðu til hennar með fullvissu um að skrímslin væru raunveruleg. Þessar hugmyndir fylgdu með í kaupunum þegar Íslendingar tóku upp kristni í kringum árið 1000 og þeirra sjást víða merki í íslenskum bókmenntum fyrri alda.

Fráleitt væri að ætla að gera Ágústínus ábyrgan fyrir því hvernig slíkar hugmyndir urðu á löngu skeiði rótgróinn hluti kristilegrar heimsmyndar, en hans þáttur í þeirri sögu er engu að síður mikilvægur og vanmetinn. Þó að síst af öllu hafi vakað fyrir Ágústínusi að sanna tilvist skrímsla, þá var röksemdafærslu hans þannig tekið. Þar með verður stuttur kafli í *Guðsríki* Ágústínusar í senn hluti af menningar-, bókmennta- og trúarlífssögu Íslendinga á fyrri tímum. Ennfremur vitna þau fáeinu atriði sem hér hafa verið rakin um gríðarlegan lærdóm meðal íslenskra handritaskrifara á miðöldum, sem ekki einasta var bundinn við fræði heldur hafði sömuleiðis mikil áhrif á sagnaritin. Hér hefur aðeins verið tekinn til skoðunar einn afmarkaður angi áhrifa Ágústínusar á íslenska kirkju og bókmenntir, en sá örлитli kafli í *Guðsríkinu* sem hér hefur verið lagt út af varð veigamikill þáttur í heimsmynd Íslendinga á miðöldum. Óneitanlega eru áhrif Ágústínusar á Íslandi mun víðameiri en hér hefur verið rætt og verða þau ef til vill aldrei fullrannsökuð. Fullt tilefni er því til að taka samband Íslands og Ágústínusar til ítarlegrar skoðunar á komandi árum og áratugum þó að hér verði látið staðar numið í bili.